



Kristinn Sigmundsson söng lög við ljóð Halldórs. Við flygilinn er Jonas Ingimundarsson.



Halldór leiðir frú Vigdís Finnbogadóttur forseta Íslands. Frú Auður Laxness gengur á eftir þeim.

Íslenskt mál

Umsjónarmaður Gísli Jónsson

384. þáttur

Að þessu sinni athugaði ég nöfn 546 fermingarbarna, 138 stúlkna og 135 pilta frá Akureyri og jafnmargra af hvoru kyni frá Reykjavík. Í skránni hér á eftir eru tölur frá Akureyri settar á undan, og strik (-) á undan tákna að enginn Akureyringanna hafi heitið nafninu; öfugt ef enginn í Reykjavík heitir því.

Í kvennanöfnunum, sem birtast í dag, er sókn Bjarkarnafnsins athyglisverðust, einkum fyrir norðan (13+5), en þau „gömlu göðu“, svo sem Kristín (14), Guðrún (13), Helga (12), Margrét og Sigríður (11) standa vel fyrir sínu. Linda, Harpa, Eva og Berglind eru í greinilegri sókn.

Enn fjölgar tvínefnum. Rökselega 60 af hundruði allra fermingarbaranna 546 heita tveimur nöfnum. Enginn teljandi munur er þar á milli kynja né heldur landshluta. Og þá eru það kvennanöfnin.


Aðalheiður 2-	Fanney 1+1	Íris 4+2	Elva 4+1	Ingeborg 1-	Osk 3+3
Alda 2-	Fjóla 2+1	Jeanette -1	Erla 1-	Ingbjörg 4+4	Pála 1-
Andrea 1-	Friðrika -1	Jóhanna 3+1	Erna 2+2	Ingunn -1	Pálfína 1-
Anna 2+6	Gerður -1	Jóna 1+2	Eva 1+7	Irína -1	Petra 1-
Arnbjörg 1-	Gréta -2	Jónanna 1-	Eygló -1	Ina -1	Ragna 1+1
Arndís -1	Guðbjörg -1	Júlía 1-			Sólrún 1-
Arney 1-	Guðfinna -1	Júlfanna 1-			Stefanía -1
Arnþrúður -1	Guðlaug -2	Karen 1-			Steina 1+1
Ágústa -1	Guðleif 1-	Karlína 1-			Steinunn -1
Árný 2+1	Guðný 1+2	Katrín 1+1			Svala -1
Áróra -2	Guðrún 5+8	Klara -1			Svanhildur 2-
Ása 1+1	Gunnhildur 2+1	Kolbrún 2-			Sylvía 1-
Ásdís 1+3	Gunnur 1-	Kristine 1-			Telma 1-
Áshildur 1-	Gunnþóra 1-	Kristín 6+8			Tinna 2-
Ásrún -1	Hafþís 1+1	Kristjana 1+1			Uunnur 1+1
Ásta 1+3	Halla 2-	Kristrún -1			Vaka 1-
Bára 1-	Halldóra 3-	Kristrún 1+2			Valdís -1
Berglind 2+5	Hanna 1+3	Lára 4+1			Valgerður 3+1
Birna 1+1	Harpa 5+4	Lilja 3+4			Vilborg 1-
Bjarney 1-	Heiða 1+2	Lilý 1-			Vildis -1
Björg 3+5	Heiður 1-	Lind -1			Yr -1
Björk 13+5	Helga 6+6	Linda 5+5			Þorgerður -1
Bryndís -1	Herdís 1-	Lín 1-			Þóra -2
Brynja -1	Hilda 1-	Louise -1			Þórhildur 1-
Brynhildur -1	Hildur 2+1	Magna 1-			Þórunn -1
Dagný 1-	Hjördís -1	Magnea -1			Þótt 1-
Dagrún 1-	Hólmfríður 2-	Margrét 4+7			Þótt 1-
Daney 1-	Hólmfríður 1+1	Maria 6+3			Þótt 1-
Dís -1	Hrafnhildur 1+1	Marianna 1-			Þótt 1-
Dóra -1	Hrefna 1-	Martha -1			Þótt 1-
Dröfn -1	Hrund -2	Matthildur 1+1			Þótt 1-
Dögg 4-	Hrónn 1+1	Nanna -1			Þótt 1-
Elín 2+2	Hugrún 2-	Oddný -1			Þótt 1-
Elísa -3	Huld 1-	Olga -1			Þótt 1-
Elísabet -1	Hulda 1+2	Ólína 1-			Þótt 1-
Elsa 1+1	Inga 4+1	Ölöf 3+1			Þótt 1-

Kjarvalsstaðir:

Samsýning Listmálarafélagsins

Listmálarafélagið opnar sýningu á verkum ellefu félagsmanna sinna í vestursal Kjarvalsstaða í dag kl. 15. Samsýningar á vegum Listmálarafélagsins hafa skapað sér fastan sess í íslensku menningarlífi og eru nú árviss atburður.

Í Listmálarafélaginu eru nú 24 félagar og að þessu sinni sýna ellefu félagar verk sín. Það eru þeir Bragi Ásgeirsson, Elías B. Halldórsson, Einar G. Baldvinsson, Einar Þorláksson, Gunnar Örn, Gunnlaugur St. Gíslason, Hafsteinn Austmann, Jóhannes Geir, Jóhannes Jóhannesson, Pétur Már og Valtýr Pétursson. Ennfremur verða á sýningunni verk eftir Snorra Arinbjarnar, í virðingarskyni við minningu hans, að sögn þeirra Elíasar B. Halldórssonar og Jóhannesar Jóhannessonar. „Hann var merkur og góður málari, hljóðlátari en nútíminn er, en okkur sem að sýningunni stöndum finnst hann hafa orðið dálftið útundan í umræðunni um myndlist á undanförunum árum,“ sögu þeir Elías og Jóhannes.



Morgunblaðið/Emilia Hafsteinn Austmann, Elías B. Halldórsson, Valtýr Pétursson og Jóhannes Jóhannesson við málverk eftir Snorra Arinbjarnar, „Maður í stiga“.



OPIÐ HÚS

Sjálfstæðismenn Seltjarnarnesi

Opið hús í allan dag á Austurströnd 3. Veglegar veitingar. Allir velkomnir.

Sjálfstæðisfélög Seltirninga.



Kjördagskaffi í Valhöll

Í dag, laugardag, verður opið hús í kjallara Valhallar, Háaleitisbraut 1, frá kl. 13:00—18:00. Sjálfstæðismenn eru hvattir til að líta við.



KAFFIVEITINGAR — FJÖLMENNUM



SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN